

## Fundur í stjórn nemendafélagsins haldinn þann 7. janúar 2025

Mætt: Birkir Heiðberg og Júlía Marín úr 8. bekk, Hafþór Ingi og Emilía Ragnheiður úr 9. bekk, Súsanna Guðlaug og Kristján Leó úr 10. bekk. Kristbjörg stjórnaði fundi.

Fundur þessi er fyrsti fundur skólaársins. Hann er haldinn án fulltrúa úr 7. bekk sem ekki eru komnir inn í stjórnina, þ.e. val á fulltrúum hefur ekki farið fram. Kristbjörg sýndi nemendum heimasíðu Árskóla og sagði fulltrúum að fundargerðir væru settar þar inn.

### Dagskrá fundarins:

- Skóladagatal fram á vor
- Valgreinar í 9. og 10. bekk
- Verkefnið *See the good*

Skóladagatalið skoðað og helstu dagsetningar og viðburðir ræddir. M.a. þessir:

- Þorablót nemenda og starfsfólks
- Íþróttadagur
- Vetrarfrí
- Frumsýning leikrits 10. bekinga
- Páskaleyfi
- Vorferðir/skólaferðalög
- Skólaslit í júníbyrjun

Kristbjörg fór yfir valgreinar sem kenndar eru skólaárið 2024-25. Hún óskaði eftir hugmyndum frá nemendum um valgreinar sem hægt væri að skoða vegna næsta skólaárs.

Kristbjörg fór yfir verkefnið *See the good* sem verið er að vinna í öllum árgöngum. Hugtakið *þakklæti* verður aðal viðfangsefni janúar- og febrúarmánaðar.

### Önnur mál:

- Skólaráðsfundur verður fimmtudaginn 9. janúar kl. 12:15. Kristján og Emilía mæta frá stjórn nemendafélagsins.
- Rætt um hvort taka ætti hópmynd af fulltrúum í stjórn nemendafélagsins, þegar hún verður fullmönnuð, og setja upp í matsal þannig að nemendur skólans gætu séð þau sem eru í stjórn.
- Fyrirspurn um hvort kaupa mætti púða í sófana, sem nemendur hafa til afnota. Stuttlega rætt, ekkert ákveðið.
- Fyrirspurn um hvort endurnýja megi/bæta við inniskó sem eru til afnota fyrir nemendur í smíðastofu. Eins hvort kaupa megi slíka skó til að nota í heimilisfræðistofu.

- Spurt eftir skólamyndinni sem tekin var í fyrra.
- Spurt eftir Danmerkurmyndum sem hanga uppi á Þekju. Þar vantar inn í myndir af einstaka árgöngum.
- Óskað eftir að fá að spila félagsvist á Þekju fyrir páskaleyfið í apríl.
- Nemendum sagt frá sameiginlega stærðfræðitímanum, sem verður í lok janúar.

Fleira ekki rætt,  
Kristbjörg Kemp.